LANNEN
CONSTRUCTION INC.

HÚS OG HÍBÝLI

NR. 209 • 8.TBL. • ÁGÚST 2006 • VERÐ 974 KR.

Úttekt Húsa og híbýla
DÝRAST AÐ BÚA Í GARÐABÆ

Gólfefni

Breytt eldhús stækkaði íbúðina

Nærmynd af nýju skipulagsnefndinni

Frábærar luktir

Moldarflagi breytt í grillparadís

Flottustu húsnúmerin

Erla & Tryggvi
HÖNNUÐU EIGIÐ DRAUMAHÚS

Hjónin Tryggvi Þorsteinsson arkitekt og Erla Dögg Ingjaldsdóttir innanhússarkitekt eru einir heitustu arkitektar Íslands. Þau hönnuðu og byggðu draumahúsið sitt. Hús og híbýli kíkti í heimsókn. *Sjón er sögu ríkari.*

INNLIT

Katrín Pétursdóttir í 101

INNLIT

Nálægð við náttúru og borg

INNLIT

Tjöldin á Þjóðhátíð

5 690691 190002

Íslensk hönnun í Kaliforníu

Í Los Angeles í Kaliforníu, innan um gömul og lágreist hús, stendur nýtískulegt einbýlishús sem gleypir Kyrrahafsgoluna svo að íbúar hússins ofhitni ekki í sólinni sem skín svo glatt á þessum slóðum. Svart hraun umkringir húsið til að halda í skefjum óvinum, eins og óæskilegum pöddum og köngulóm, sem fjölskyldumeðlimir hafa ekki formlega boðið velkomna í líf sitt. Í húsinu búa arkitektarnir sjálfir, hjónin **Tryggvi Þorsteinsson** arkitekt og **Erla Dögg Ingjaldsdóttir** innanhússarkitekt, ásamt tveimur dætrum sínum, Carmen Ingu, 3 ára, og Andreu Reyn, 4 mánaða.

Byggingarefni hússins er steypa, viður og byggingareiningar sem eru blanda af endurunnum pappír og sementi. Hér má sjá húsbóndann í sjónvarpsherberginu og Erlu og Carmen í vinnuherberginu á efri hæðinni. „Við ákváðum að hafa gluggann í sjónvarpsherberginu stóran til að fyrirbyggja sjónvarpsgláp á daginn enda höfum við ekki björt kvöld hér eins og heima," segir Erla og brosir prakkaralega.

Eftir Elínu Arnar Myndir: Bragi Þór Jósefsson

UMHVERFISVÆN OG SPARNEYTIN HÖNNUN Húsið er í funkisstíl og er hönnun þess og bygging eins umhverfisvæn og mögulegt getur orðið bæði hvað varðar byggingarefni og orkunotkun. „Við búum vel að því að hafa átt heima í húsinu sem hér stóð fyrir í fimm ár áður en við réðumst út í þær framkvæmdir að byggja nýtt. Við þekkjum upp á hár hvenær og hvar sólin skín á húsið og hvernig vindurinn blæs í kringum það. Við nýttum okkur það við hönnun þess," segir Tryggvi og Erla bætir við að nýja húsið sé helmingi stærra en það gamla en gasreikningurinn hins vegar um þriðjungi lægri. „Mér er illa við loftkælingu og þá stefnu að halda öllum gluggum lokuðum og treysta á loftræstikerfi hvað varðar hreinsun og hreyfingu þess lofts sem við öndum að okkur. Mér finnst mun heilbrigðara að hafa húsið opið og nýta hafgoluna og skugga til þess að kæla þegar það verður heitt. Þess vegna kusum við að festa kaup á lóð sem væri nálægt hafinu frekar en lengra inn í landi."

1 Framhlið hússins snýr í átt að hafinu og er útidyrahurðin stór til þess að hafgolan hafi greiðan aðgang í gegnum húsið. Í anddyrinu stendur eldri dóttirin, Carmen. **2** Stofan og eldhúsið. Til vinstri, séð á þessari mynd, er svefnálma barnanna og gestaherbergi auk baðherbergis. Hægra megin má sjá stigann sem liggur upp á efri hæðina þar sem hjónaherbergið er ásamt fleiri herbergjum. Gott næði er í svefnálmunum þar sem þær eru ekki mjög aðgengilegar frá aðalrýminu, en það var ásetningur hönnuðanna. Sófasettið heitir Barcelona en hönnuður þess er Mies Van der Rohe. Rauði stóllinn og guli stóllinn eru framleiddir af Herman Miller og hannaðir af Eames. Ljósið er frá Norman og borðið er sérhannað af Erlu og Tryggva en plata þess er steypt. **3** Stofan er mínimalísk og smart.

1 Stólarnir við eldhúseyjuna eru hugmyndasmíð Erlu, en mjög einfalt er að draga þá fram. **2** Í loftum allra herbergja eru hátalarar sem stjórnað er frá einu móðurborði, auk þess sem hægt er að stýra hækkun og lækkun við hlið ljósrofa í hverju herbergi. Takið eftir glugganum undir stiganum sem kemur út eins og fallegt listaverk. **3** Hugmyndin að stiganum er fengin frá fossunum á Íslandi og er henni ætlað að minna á þá. Þrepin eru plasteiningar sem er rennt á járnstoðir sem koma út úr veggnum. Hægt er að skipta um liti að vild. **4** Eldhúsborðið virkar einnig vel sem vinnuborð. **5** Glæsilegt eldhúsið er opið og stílhreint. Innréttingin er klædd með endurunnu gúmmíi sem minnir á svartan sandinn heima á Íslandi og appelsínuguli liturinn vísar í eldfjöllin.

HUGMYNDIR SÓTTAR Í RÆTURNAR Á ÍSLANDI Þegar komið er inn í húsið tekur við stofa sem er opin við eldhús og verönd og garður beint út af því. Rýmið er notalegt og býður alla velkomna. Gólfin eru steypt með fljótandi steypu ofan á hitalögnum sem er bæði hægt að stilla á kulda og hita. Heimilisfólkið hefur búið í húsinu í átta mánuði og hefur ekki enn þurft á þeim að halda því hitastigið í húsinu er svo mátulegt fyrir. „Okkur langaði til að heimili okkar hér úti minnti okkur á rætur okkar á Íslandi og völdum að klæða innréttinguna með endurunnu gúmmíi en áferð þess minnir á svarta sandinn heima. Appelsínuguli liturinn vísar í eldfjöllinn og blái liturinn á stiganum í vatnið," segir Erla. „Við erum líka lítið hrifin af því að sparsla og hylja og viljum að efnið fái að njóta sín eins og það er. Við notum því hvorki málningu né sparsl á veggi og leyfum steypugólfinu að vera eins og það er," bætir Tryggvi við.

1

2

1 Þakveröndin er umkringd svörtu hrauni eins og húsið. Það er óþægilegt að ganga á hrauninu og því fer fólk ekki út fyrir veröndina í átt að veggjunum sem voru hafðir lágir svo útsýnið myndi ekki glatast. 2 Séð inn í hjónaherbergið frá veröndinni. Líkt og önnur herbergi hússins, er það mjög einfalt og án óþarfa prjáls. Á svölunum eru svartir fjörusteinar sem eru hugsaðir sem notalegt fótanudd þegar gengið er á þeim.

HEIMILIÐ ÚTI SEM INNI Fyrir aftan húsið er afgirtur garður og út að honum snúa stórir gluggar sem hægt er að renna til hliðar þannig að allt sé opið út í garð. Á veröndinni er gjarnan borðað og fyrir ofan borðið er rafmagnshitari ef kvöldin verða svöl og arinn í veggnum fyrir aftan. Efri hæðin samanstendur af þakverönd, tveimur baðherbergjum og tveimur stórum herbergjum. „Við notum þakveröndina mjög mikið, þar er yndislegt að vera því hún liggur svo beint við hafgolunni og hægt er að liggja í skugganum undir skyggninu með litluna og vinna á tölvunni," segir Erla sem tók sér takmarkað frí eftir að hún átti yngstu dótturina. Þau hjónin reka arkitektafyrirtækið Minarc sem þau stofnuðu árið 2000. Þau hafa hannað fjölda heimila í Kaliforníu auk stærri verkefna.

2

1

BAÐIÐ OPIÐ VIÐ HJÓNAHERBERGIÐ „Við erum mjög lítið fyrir lokuð rými og því kusum við að hafa baðherbergið alveg opið við svefnherbergið," segir Tryggvi og Erla bætir því við að það hafi ekki komið til greina að hafa fataherbergi eins og er svo algengt úti í Bandaríkjunum. „Ég nýtti frekar rýmið fyrir aftan hjónarúmið en gaflinn á því er bakið á skúffum sem eru hirsla fyrir föt. Fataskápurinn skilur svo að baðherbergið og svefnherbergið." Rúmið er látið snúa út að stóra glugganum og því blasa himinn og tré við þegar lagst er til svefns. Hér er umhverfi og náttúra látin njóta sín til hins ýtrasta í hverju herbergi enda er orka hússins notaleg og einstaklega góður andi hvert sem komið er. Það væri spennandi að sjá hvernig íslensk náttúra væri nýtt í samspili við heimilið þar sem loftslagið er mun kaldara og veðurfar óblíðara.

3

1 Mynd tekin úr bakgarðinum. Búið er að opna hluta af neðri hæð hússins á þessari mynd með því að renna rennihurðunum til hliðar. Hurðirnar eru þrjár einingar með stórum gluggum í. Tryggvi er úti á veröndinni og Erla stendur í eldhúsinu ófrísk að yngri dóttur þeirra hjóna sem nú er orðin nokkurra mánaða gömul. **2** Baðherbergi við hjónaherbergi. Sturtur eru opnar í samræmi við stefnu Erlu og Tryggva um opið rými. **3** Baðvaskur hannaður af Erlu. Svart gúmmí er fest milli tveggja járnaplatna og strekkt niður á niðurfallsrör. „Ég las einhvers staðar að það tæki gúmmí 2000 ár að eyðast og mig langaði til að finna því tilgang svo hægt væri að nýta það frekar," segir Erla. Auðvelt er að skipta um gúmmí og þess vegna skipta um lit ef þess er óskað, auk þess sem verð þess er mjög lágt út úr búð.

1, 3 Húsið sem Erla og Tryggvi eru að byggja í Kópavogi. **2** Erla og Carmen að njóta útsýnisins.



1

2

3

HEIMILIÐ Á ÍSLANDI Aðspurð af hverju þau hafi kosið að búa í Kaliforníu segja Erla og Tryggvi að það sé einfaldlega svo gott að búa þar veðurfarslega séð auk þess sem þau séu búin að byggja upp fyrirtæki sem gengur vel. Þau bera hins vegar sterkar taugar til Íslands og eru nú að byggja hús í Kleifarkór í Kópavogi sem þau hyggjast búa í einhvern hluta ársins.